

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. september 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-104/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. desember 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á skjávarpa af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir skjávarpann haldinn galla og krefst þess að skjávarpinn eigi undir 5 ára reglu neytendakaupalaga.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi festi kaup á LCD skjávarpa af seljanda, af gerðinni Epson EH-TW490, þann 12. apríl 2014 fyrir 139.990 krónur. Stuttu síðar var skjávarpinn festur upp í loft á heimili álitsbeiðanda þar sem hann hefur verið síðan í reglulegri notkun. Í nóvember árið 2016 fór álitsbeiðandi að taka eftir bláum lit efst á þeirri mynd sem varpað er með skjávarpanum. Á nokkrum dögum dreifðist blái liturinn og nær nú yfir 80% af skjánum. Álitsbeiðandi hafði um leið samband við seljanda sem bað um að álitsbeiðandi sendi myndir af skjámyndinni í tölvupósti en endaði svo samtalið samkvæmt álitsbeiðanda „með því að segja að það væri auðvitað bara 2 ára ábyrgð á skjávarpanum og því hugsanlega lítið hægt að gera.“ Álitsbeiðandi taldi víst að hann færi með rangt mál því að hann „vissi að Z, væri með 5 ára ábyrgð á öllum skjávörpum sem þeir selja.“ Álitsbeiðandi krefst þess að „viðurkennt verði að 5 ára ábyrgð eigi að gilda um alla skjávarpa sem seldir eru til neytenda undir vörumerkjum þekktra framleiðanda hér á landi enda verði að telja að dýr tæki eins og skjávarpar eigi að endast þetta lengi ef kaupandi fer vel með tækið.“ Verði ekki fallist á það krefst álitsbeiðandi að viðurkennt verði að 5 ára ábyrgð sé í gildi fyrir Epson EH-TW490 skjávarpa.

Þann 28. ágúst 2017 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var nánari upplýsinga um hvaða kröfur hann hefði uppi í málinu á hendur seljanda.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera

skal hún vísa máli frá. Þá vísar kærunefndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitseiðni þessari frá.

III

Álitserð

Álitseiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson